



### Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2021-016U005**

Dagsetning: **17. febrúar 2021**

Staðsetning: **Gatnamót Kaupþúns og Urriðaholtsstrætis**

Atvik: **Gangandi vegfarandi gekk í veg fyrir bifreið**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

Gangandi vegfarandi gekk út á akrein í veg fyrir bifreið. Vegfarandinn var ekki á merktri leið fyrir gangandi vegfarendur. Hann gerði sér sennilega ekki grein fyrir að á akreininni næst honum var grænt ljós fyrir akstursleið bifreiðarinnar, en á fjær akreininni var bifreið kyrrstæð á móti rauðu beygjuljósi. Vegfarandinn lést af völdum áverka sem af slysinu hlutust.

## Staðsetning



## Helstu upplýsingar

### Látinn:

76 ára karlmaður

### Veður og birta:

Hiti 2°C, hægviðri, skýjað, lítilsháttar súld og dimmt

### Vegur:

Bundið slitlag, blautur vegur. Hámarkshraði 50 km/klst

Áætluð meðaltalsumferð á sólarhring er 22.000 ökutæki um gatnamótin

### Tími sólarhrings:

Klukkan 7:30

### Ökutæki:

Suzuki Grand Vitara, nýskráð árið 2005

## Lýsing á slysi


Gangandi vegfarandi var á leið norðaustur yfir gatnamót Kauptúns og Urriðaholtsstrætis að morgni dags. Myrkur var og lítilsháttar súld. Á sama tíma var Suzuki bifreið ekið Urriðaholtsstræti yfir gatnamótin til suðausturs. Grænt ljós logaði fyrir akstursstefnu bifreiðarinnar. Vegfarandinn gekk í veg fyrir Suzuki bifreiðina við gatnamótin, þar sem ekki var merkt gangbraut. Hægra framhorn bifreiðarinnar rakst á vegfarandann og kastaðist hann um 20 metra frá ætluðum árekstrarstað. Gangandi vegfarandinn lést í slysinu.



**Mynd 1:** Mynd tekin í akstursátt bifreiðarinnar. Rautt ljós logar fyrir vinstri beygju og grænt fyrir akreinina yfir gatnamótin.

Staða umferðarljósanna var samkvæmt vitnum eins og sést á mynd 1. Ökumaður, sem var á vinstri beygjuakreininni, stöðvaði við stöðvunarlínuna á rauðu beygjuljósi. Hann sá hvar maðurinn stóð á eyju hægra megin við akreinarnar. Vegfarandinn var með endurskinsborða á yfirhöfn. Þessi ökumaður telur að vegfarandinn hafi séð sig stöðva á rauðu ljósi rétt áður en hann steig inn á akbrautina í veg fyrir Suzuki bifreiðina sem ók á hægri akreininni. Að hans sögn hafði vegfarandinn tekið tvö skref inn á götuna þegar hann varð fyrir bifreiðinni.

Að sögn ökumanns Suzuki bifreiðarinnar sá hann ekki vegfarandann fyrir slysið. Við gatnamótin fann hann högg koma á bifreið sína en gerði sér ekki grein fyrir því hvað hafði gerst. Hann hægði strax á sér og stöðvaði bifreiðina suðustan við gatnamótin. Leið vegfarandans er merkt á mynd 2 með rauðu.



Mynd 2: Afstöðumynd bifreiðar og gangandi vegfaranda.

### Áverkar

Gangandi vegfarandinn hlaut banvæna fjölaverka í slysinu. Hann var úrskurðaður látinn við komu á sjúkrahús. Mestu áverkarnir voru vinstra megin á líkama hans.

Ökumaður Suzuki bifreiðarinnar hlaut ekki áverka við áreksturinn.

### Ökutækin

Suzuki Grand Vitara bifreiðin var nýskráð 2005. Hún hafði verið færð til skoðunar í maí 2020 og var með fulla skoðun. Bifreiðin var útbúin ónegldum miðlungs slitnum vetrarhjólborðum. Ekkert kom fram við rannsókn á bifreiðinni sem skýrt getur orsök slyssins.

### Ökuhraði

Leyfður hámarkshraði á vettvangi er 50 km/klst við bestu aðstæður. Kvaðst ökumaður Suzuki bifreiðarinnar hafa verið á um 50 km hraða. Mat sérfræðings er að hraðinn hafi verið um 56 km/klst (hraðabil frá 54 km/klst til 72 km/klst).

### Vegur og umhverfi

Á slysstað eru þrjár akreinar á veginum fyrir umferð í suðaustur (þ.e. í akstursstefnu bifreiðar í slysinu), beygjuakrein til vinstri (í norðvestur), ein akrein fyrir akstur beint áfram eftir Urriðaholtsstræti, auk sérstakrar beygjureinar fyrir hægri beygju. Þessi beygjurein er ekki ljósastýrð og er aðskilin frá hinum akreinunum með umferðareyju. Aðskilin ljós stýra umferðinni áfram og til



vinstri, þ. e. sérstakt beygjuljós er fyrir umferð til vinstri og annað fyrir umferð áfram Urriðaholtsstræti. Gatnamótin og vegir að þeim eru upplýstir með ljósausturum.

Þar sem slysið varð er hvorki merkt göngubverun né eru þar umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur. Gangstígur er eingöngu öðru megin yfir brúna sem liggur yfir Reykjanesbraut og er hönnun gatnamótanna þannig að umferð gangandi vegfarenda er ætlað að vera vestan við Urriðaholtsstræti á brú yfir Reykjanesbraut, sjá mynd 3.



Mynd 3: Loftmynd af gatnamótunum, horft eftir Urriðaholtsstræti til suðausturs.

Engin skilti eða merki voru á þessum gatnamótum með leiðsögn fyrir umferð gangandi vegfarenda og getur því reynst erfitt fyrir gangandi vegfarendur að rata rétta leið um gatnamótin. Hinn látni var á leið frá verslunarhverfinu við Kauptún og yfir í Flatahverfið í Garðabæ. Til þess að komast þá leið gangandi þarf að þvera Reykjanesbrautina á brúnni og halda þaðan áfram yfir í Flatahverfið.



Mynd 4: Séð í gönguátt gangandi vegfaranda.

Á mynd 4 sést útsýn í gönguátt hins látna til áfangastaðar. Leið hins látna var ekki ætluð gönguleið, en miðað við hvar hann var staddur þegar slysið varð kann ljósastjórnun umferðarinnar að hafa haft áhrif á ákvörðun hans að stíga út á akbrautina, þ.e. að bifreið á fjærakreininni hafði stöðvað á rauðu beygjuljósi.

### Áfengis- og lyfjarannsókn

Ekki var framkvæmd áfengis- og lyfjarannsókn á ökumanni Suzuki bifreiðarinnar. Áfengis- og lyfjarannsókn á gangandi vegfarandanum var neikvæð.

## Orsakagreining

- Gangandi vegfarandi gekk í veg fyrir bifreið
- Leiðsögn um gönguleið um gatnamótin var ábótavant
- Ökumaður bifreiðarinnar sá ekki gangandi vegfarandann

## Tillögur í öryggisátt

### Varhugaverð gatnamót

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til veghaldara að framkvæma öryggisúttekt á slysstað og vinna að úrbótum til að auka umferðaröryggi við gatnamótin.

Þessi gatnamót eru flókin og erfið fyrir gangandi vegfarendur. Akreinar eru margar, umferð bifreiða mikil og stutt á milli aðliggjandi gatnamóta. Leiðin fyrir gangandi vegfarendur og aðra sem ferðast eftir gangstígunum er flókin og litlar leiðbeiningar eru veittar um þá leið sem þeim er ætlað að fara. Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því þeirri tillögu til veghaldara að framkvæma öryggisúttekt á slysstað og vinna að úrbótum til að auka umferðaröryggi við gatnamótin.

### Hönnun á umferðarmannvirkjum fyrir alla vegfarendur

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga að leggja sérstaka áherslu á það við hönnun gatnamóta að öryggis og hagsmuna gangandi og hjólandi vegfarenda sé vel gætt.

Það er mat RNSA að nauðsynlegt sé að skoða í öllum tilfellum leiðir annarra vegfarendahópa samhliða hönnun gatnakerfis fyrir götuskráð ökutæki. Gæta ber vel að merkingum göngu- og hjólaleiða, lýsingu við gatnamót og umferðarstýringu. Gangandi vegfarendur eru fjölbreyttur hópur fólks á öllum aldri og með misjafna getu, m.a. barna og annarra sem geta átt erfitt með að átta sig á bestu leið um eða framhjá flóknum og umferðarþungum gatnamótum.

## Ábending

### Umferð um gatnamót

Mikilvægt er að ökumenn og aðrir vegfarendur sem um gatnamót fara gæti sérstakrar aðgæslu og séu ávallt viðbúnir að bregðast við óvæntri hættu. Rannsóknarnefnd samgönguslysa hvetur ökumenn til þess að haga akstri sínum ávallt með aðgæslu í huga, stunda svokallaðan varnarakstur.

Í því felst að ökumenn séu ávallt viðbúnir að bregðast við óvæntri hættu, jafnvel þegar hún er ekki sýnileg, reyni að sjá fyrir mistök annarra vegfarenda og gæti vel að ökuhraða. Því hraðar sem ekið er, því styttri tími er til viðbragðs og hætta á alvarlegum áverkum eykst.

## Athugasemd

### Áfengis- og lyfjamælingar í alvarlegum slysum

Rannsóknarnefnd samgönguslysa gerir athugasemd við að áfengis- og lyfjamæling var ekki gerð á ökumanninum. Nefndin hefur áður bent á nauðsyn þess að útiloka þann þátt í rannsóknum allra alvarlegra umferðarslysa.

### Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen

### Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson  
Stjórnandi rannsókna

**Reykjavík 21. mars 2022**  
**Rannsóknarnefnd samgönguslysa**